

Bannmenn á Akureyri

Afhending 2019/47

Samhliða Alþingiskosningum árið 1908 var efnt til þjóðaratkvæðagreiðslu um bann við sölu og drykkju áfengis á Íslandi. Áður hafði verið lögleitt bann við framleiðslu sterks áfengis. Bannið var samþykkt en almenningi var þó gefinn frestur til að venjast þessum nýju lögum og það var ekki fyrr en 1915 sem innflutningur, framleiðsla, sala og drykkja áfengis varð með öllu ólögleg á Íslandi.

Stuðningsmenn áfengisbannsins voru kallaðir bannmenn en þeir sem voru á móti banninu kölluðust andbanningar.

Í október 1933 var banninu síðan aflétt með annarri þjóðaratkvæðagreiðslu.

Í tengslum við kosningarnar 1933 stunduðu bannmenn á Akureyri virkan áróður. Auk funda skutluðu þeir kjósendum á kjörstað til að reyna að næla í atkvæði með banninu. Niðurstaðan í Akureyrarkaupstað varð vissulega sú að bæjarbúar vildu bann áfram en það dugði ekki til því að í heildina kusu 60% landsmanna með því að fella niður bannið og leyfa áfengi.

Skrifstofu bannmanna var þess vegna lokað í kjölfar atkvæðagreiðslunnar.

Afhendingin kom frá Jóni Hjaltasyni, sagnfræðingi. Ekki hafa fleiri afhendingar frá bannmönnum á Akureyri borist safninu.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

5. mars 2020

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir
skjalavörður

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.	
A-Bannmenn á Akureyri				
A-Bannmenn á Akureyri		1933 - 1933		
Bannmenn á Akureyri			2019 / 47	
2019 - A / 1	1	1933- 1933	Dagbók bannmannaskrifstofunnar á Akureyri	20,8 x 16,5 cm heftuð stílabók
2019 - A / 1	2	1933- 1933	Kvittanir fyrir útgjöldum skrifstofunnar	Laus blöð, voru inni í A-1-1